

- 120** 11. Laugavegur. Frá Þjóðveginum á Leysingjastaðamelum um Laugar að Sælingsdal.
 8. ágúst 12. Hvammsvegur. Af Þjóðveginum hjá Skerðingsstöðum að Hvammi.
 13. Efribygðarvegur. Af Þjóðveginum hjá Hellu um Túngarð, Orrahól á Þjóðveginum hjá Kjarlaksstöðum.
 14. Dagverðarnesvegur. Af Þjóðveginum við Fábeinsá að Dagverðarnesi.
 15. Hnúksvegur. Af Þjóðveginum hjá Hnúki niður í Hnúksnes.
 16. Búðardalsvegur. Af Þjóðveginum við Búðardalsá að Búðardal.
 17. Staðarhólsvegur. Af Þjóðveginum hjá Kirkjuhvoli um Staðarhólsdal að Hvammsdal.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkv. lögum nr. 102 1933 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

121
 10. ágúst

SAMÞYKKT

um breyting á samþykkt fyrir sýsluvegasjóð Mýrasýslu, nr. 137 7. júní 1943.

Aftan við 13. tölulið 1. gr. samþykktarinnar bætist:

14. liður: Glitstaðavegur: Frá Norðurárdalsbraut við Hreðavatnsskála að Svartagili og Glitstöðum.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

122
 10. ágúst

GJALDSKRÁ

fyrir notkun raforku í Borgarneskauptúni.

1. gr.

Verð á raforku um mæla skal vera eins og hér segir:

- Til ljósa í íbúðarhúsum: kr. 1.50 fyrir hverja kilóvattstund.
- Til ljósa í verzlunarhúsum, skrifstofum, skólum, samkomuhúsum, vinnustofum og vinnustöðvum, sláturhúsum og öðrum húsum, sem ekki eru notuð til íbúðar: kr. 3.00 fyrir hverja kilóvattstund.
- Til iðnaðar og götulýsingar: kr. 0.90 fyrir hverja kilóvattstund.
- Leiga fyrir kilóvattmæla rafveitunnar skal vera kr. 2.00 fyrir hvern ársfjórðung.
- Verð á raforku til hleðslu á rafgeymum, ákveður hreppsnefnd fyrir hvert ár í senn.

Hreppsnefnd hefur heimild til að lækka gjöld þessi um allt að 25%.

2. gr.

Gjöld fyrir raforku greiðist mánaðarlega um leið og lesið er á mæla. Sé gjald fyrir raforku eða mæli ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga, má rjúfa samband við veitu hlutaðeigandi notanda, þó ekki fyrr en 3 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis hefur verið birt á heimili hans.

Gjöld til rafveitunnar má taka lögtaki.

3. gr.

Með gjaldskrá þessari er numin úr gildi gjaldskrá nr. 10 frá 23. janúar 1939, fyrir notkun raforku í Bargarneskauptúni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 83 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi 15. ágúst 1944 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. ágúst 1944.

Björn Þórðarson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu
um fjallskil o. fl., nr. 121 24. júlí 1940.**

123

12. ágúst

1. gr.

Við 2. málsgr. 13. gr. bætist: og 2 hryssur 4 vetra og eldri sem 3 hross önnur.

2. gr.

Síðasti málsliður 2. málsgr. 47. gr. reglugerðarinnar orðist þannig: en fari slíkur kostnaður fram úr niðurjöfnuðu fjallskilagjaldi, skal sá hluti hans, sem umfram er, endurgreiddur fjallskilasjóði að hálfu af eiganda fjárins.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. ágúst 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

REGLUGERÐ

um starfssvið lögreglustjórans í Keflavík.

124

21. ágúst

Lögreglustjórinn í Keflavík hefur á hendi hreppstjórastörf í Keflavíkurbreppi og fer um starf hans að þessu leyti samkvæmt lögum og reglugerðum um störf hreppstjóra. Þó eru laun fyrir hreppstjórastörf, samkv. 1. gr. laga nr. 85 frá 1938, innifalín í launum lögreglustjórans, samkv. 3. gr. laga nr. 16 frá 1934.